



Dalvíkurskóli

Stærðfræði

Námsþáttur	1.bekkur	2.bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Að geta spurt og svarað um stærðfræði	<p>Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 211-217): <i>Tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína um hana fyrir öðrum, leitað lausna og sett þær fram á fjölbreyttan hátt með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og rökstuðningi og fylgt rökstuðningi jafningja.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði. • Leyst stærðfræðiprautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað ápreifanlega hluti og eigin skýringamyndir. • Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi. • Rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnaleiðum og fylgt röksemdafærslum. 			
Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar	<p><i>Notað hugtök og táknmál úr stærðfræði og hentug verfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna og samræðu um stærðfræðileg viðfangsefni.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra. • Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál. • Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni. • Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum. 			
Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	<p><i>Unnið einn og í samvinnu við aðra að því að rannsaka, greina, túlka, setja fram tilgátur og finna lausnir á viðfangsefnum, sem tengjast daglegu lífi með fjölbreyttum aðferðum og kynnt niðurstöður sínar, lesið og lagt mat á einfaldan stærðfræðitexta.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota hlutbundin gögn og teikningar. • Kannað og rannsakað með því að setja fram tilgátur og gera tilraunir með ápreifanlegum gögnum. • Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð. • Undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði. • Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda. • Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga. • Borið skynbragð á hvaða möguleikar og takmörk stærðfræðinnar eru til að lýsa veruleikanum. 			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Fær tækifæri til að fara eigin leiðir í lausnaleit, byggðar á eigin skilningi. • Kynnist muninum á stærðfræðisögu og orðadæmi. • Getur leyst og tekið þátt í samræðum um lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með fjölda 0 -20. • Getur notað talningarstrik (III II) til að tákna fjölda. • Getur notað hluti, teikningar, merкта talnalínu og reiknivél við lausnaleit. • Dregur rétt til allra tölustafa. • Getur notað rétt hugtökin <i>flestir</i> og <i>fæstir</i> sem og <i>jafnt</i> og <i>fleiri en</i>, <i>færri en</i> og táknið fyrir þau. 	<ul style="list-style-type: none"> • Fær tækifæri til að fara eigin leiðir í lausnaleit, byggðar á eigin skilningi. • Lærir að greina orðadæmi í tvo hluta og skrá spurninguna, upplýsingarnar, lausnaleiðina og niðurstöðurnar. • Getur leyst og tekið þátt í samræðum um lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með fjölda 0 -100. • Skilur og getur notað rétt hugtökin <i>tvöfalt fleiri</i>, <i>tvöfalt meira</i>, <i>helmingi færri</i>, <i>helmingi minna</i>, <i>helmingur</i>. • Notar og les rétt úr merkjunum > < =. • Getur flokkað <i>sléttar tölur</i> og <i>oddatölur</i>. • Hefur vald á að nota auða talnalínu við 	<ul style="list-style-type: none"> • Fær tækifæri til að fara eigin leiðir í lausnaleit, byggðar á eigin skilningi. • Geti greint að upplýsingar og spurningu í orðadæmi og unnið markvisst að því að finna svar. Skrái myndrænt og/eða með talnatáknum. • Getur leyst og tekið þátt í samræðum um lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með fjölda 0-1000. • Skilur og getur notað hugtökin <i>námundun</i>, <i>tvöföldun</i>, <i>helmingur</i>, <i>almenn brot</i>, <i>þriðji hluti</i>, <i>fjórði hluti</i> o.s.frv. • Notar og les rétt úr merkjunum > < =. • Þekkir, getur lesið og notað 	<ul style="list-style-type: none"> • Fær tækifæri til að fara eigin leiðir í lausnaleit, byggðar á eigin skilningi. • Getur gert grein fyrir muninum á orðadæmi og reikningssögu. • Getur unnið markvisst að lausn orðadæma og skráð hugsun sína myndrænt og/eða með talnatáknum. • Getur leyst og tekið þátt í samræðum um lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með fjölda 0-10.000. • Skilur og getur notað hugtökin <i>neikvæð tala</i>, <i>tugabrot</i>, <i>nefnari</i>, <i>teljari</i>, <i>brotastrik</i> og <i>jafngild brot</i>. • Notar og les rétt úr merkjunum > < =. • Þekkir táknið fyrir fermetra og



	<ul style="list-style-type: none"> • Notar og les rétt úr merkjunum $> < =$. • Getur notað hugtökin <i>samlagning</i>, <i>plús</i>, <i>summa</i> og <i>samtals</i> rétt og táknið $+$. • Getur notað hugtökin og <i>frádráttur</i>, <i>mismunur</i> og <i>mínus</i> rétt og táknið $-$. • Þekkir hugtökin <i>tugur</i> og <i>eining</i>. • Veit hvað <i>súlurit</i> er. • Þekkir gildi íslenskar myntar. 	<p>lausnaleit.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Dregur rétt til allra tölustafa. • Þekkir gildi íslenskra seðla. 	<p>námundunarmerkið (\approx um það bil)</p> <ul style="list-style-type: none"> • Getur lesið úr og notað rétt margföldunarmerkið (\cdot) og deilingarmerkið ($:$). 	<p>fersentimetra, getur lesið úr þeim og skráð þau.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þekkir helstu skammstafanir í metrakerfinu <i>m</i>, <i>cm</i>, <i>dm</i>, <i>mm</i>, <i>l</i>, <i>dl</i>, <i>ml</i>, <i>g</i>, <i>kg</i> og sambandið á milli eininganna.
Tölur og reikningur	<p>Við lok 4. þekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámsskrá grunnskóla bls. 211-217): <i>Skráð fjölda og reiknað með náttúrlægum tölum, tekið þátt í að þróa lausnaleiðir við útreikninga og skráð svör sín með tugakerfisrithætti</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • Notað náttúrlégar tölur, raðað þeim og borið saman. • Notað tugakerfisrithátt. • Reiknað með náttúrlægum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt. • Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar- og deilingardæmi. • Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum. • Gefið dæmi um og sýnt hvernig einföld brot og hlutföll eru notuð í daglegu lífi. 			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Getur talið áfram upp í a.m.k. 112. • Getur talið til baka frá hvaða tölu sem er upp í 100. • Getur talið á heilum og hálfum tugum upp í 100. • Getur brotið tveggja stafa tölur upp í tugi og einingar. • Hefur fjöldaskilning upp í 100. • Getur lesið úr talnatáknum upp í 100. • Hefur góðan skilning á tölum upp í 20. • Getur lagt saman fjölda upp í $10 + 10$ og talið frá hærri tölunni eða veit svarið. • Áttar sig á að setja má tölur saman á ýmsa vegu. • Veit hvaða tala bætist við gefna tölu svo svarið sé 10 (kunni 10 vinina). • Skilur ritun í tugakerfi fyrir 2ja til 3ja stafa tölur. • Kann plúsheitin upp í 10 án þess að telja. • Fær að leika sér með vasareikninn og lærir á aðgerðatáknin. • Þekkir mynstur af teningi án þess að 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur talið áfram upp í 1012 • Getur talið til baka frá hvaða tölu sem er allt að 1000. • Getur talið á heilum tugum og hundruðum upp í 1000. • Getur brotið þriggja stafa tölur upp í hundruð, tugi og einingar. • Getur talið til baka á heilum tugum frá a.m.k. 300. • Getur lesið úr 3ja stafa tölum. • Getur talið fjölda hluta með því að telja í hópa með 10. • Getur skráð fjölda hluta allt að 1000. • Skilur ritun í tugakerfi fyrir 3ja til 4ra stafa tölur. • Getur talið tókalla og krónur og skráð upphæð a.m.k. upp í 1000. • Getur notað peninga við samlagningu og frádrátt talna lægri en 100. • Getur nýtt sér hundratöflu til að finna 10 meira eða minna og einum meira eða minna. • Skynjar tuginn sem heild og sem grunneiningu til að flýta fyrir talningu. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur talið áfram upp fyrir 10.000. • Skynji hundraðið sem heild og sem grunneiningu til að flýta fyrir talningu. • Hefur vald á ritun í tugakerfi fyrir a.m.k. 4ra stafa tölur. • Getur brotið fjögurra stafa tölur upp í þúsund, hundruð, tugi og einingar. • Getur brotið þriggja stafa tölur upp í hundruð, tugi og einingar. • Getur fundið tölur sem eru 10 minni og 10 stærri en uppgefin tala og 100 minni og 100 stærri en uppgefin tala að 10.000. • Getur tekið af og bætt við einingum, heilum tugum og heilum hundruðum fyrir tölur allt að 1000. • Getur raðað tölum upp í 10.000 í rétta stærðarröð. • Getur lagt saman og dregið frá tölur a.m.k. upp í 1000. • Veit að margföldun er endurtekin samlagning. • Veit að deiling er endurtekinn frádráttur eða skipting. • Áttar sig á tengslum margföldunar og deilingar. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur lesið og skrifað tölur allt að 10.000. • Getur tekið af og bætt einingum, heilum tugum, hundruðum og þúsundum við tölur allt að 10.000. • Getur námundað að næsta þúsundi. • Getur nýtt sér að kunna summu/mismun tveggja einingatalna (t.d. $8+2$) til að geta í fljótheitum lagt saman/dregið frá sambærilega tugi ($80+20$), hundruð ($800+200$) eða þúsund ($8000+2000$). • Getur unnið með neikvæðar tölur með hjálp talnalínu. • Áttar sig á að hægt að fara ólíkar leiðir að sömu niðurstöðu. • Getur lagt saman með dreifireglu og einnig lóðréttri uppsetningu þar sem þarf að geyma. • Getur dregið frá lárétt og einnig lóðrét þar sem taka þarf til láns. • Kann margföldunartöfluna utan að (upp í $10 \cdot 10$), frá 6-6, 7-7, 8-8. • Getur í fljótheitum margfaldað hvaða heila tölu sem er með 10.



	<p>telja.</p> <ul style="list-style-type: none">• Getur bætt einingu við heilan tug án þess að telja (10+4, 30+4).	<ul style="list-style-type: none">• Getur hopptalið á tugum frá hvaða tölu sem er undir 100.• Getur hopptalið aftur á bak og áfram á 2 og 5 frá hvaða tölu sem er undir 100.• Getur brotið tugatölu upp í tugi og einingar og nýtt sér það við samlagningu og frádrátt (dreifiregla).• Getur brotið niður tölur til að fylla tug og bætt síðan einingunum við.• Kann plúsheitin upp í 10 +10 án þess að telja.• Getur hagrætt tölum á ýmsa vegu til að auðvelda sér samlagningu og frádrátt talna upp í a.m.k. 100.• Notar vasareikni við talnarannsóknir, t.d. til að efla skilning á heilum tugum og einingum.	<ul style="list-style-type: none">• Kann 1 sinni, 2svar sinnum, 10 sinnum, 5 sinnum, 3svar sinnum og 4 sinnum töflurnar utan að (byrja á 2 · 2 o.s.frv.).• Getur námuntað að næsta heila tug og heila hundraði.• Kann að leggja saman lóðrétt, líka þegar þarf að geyma.• Kann að draga frá lóðrétt, líka þegar þarf að taka til láns.• Veit hvað almenn brot eru og kann að lesa úr og skrá einföld almenn brot.• Getur afmarkað á flatarmynd hluta sem gefinn er upp með almennu broti.• Getur margfaldað í rúðuneti.• Getur reiknað hvað á að fá til baka.• Notar vasareikni við talnarannsóknir, t.d. í tengslum við endurtekna samlagningu og endurtekinn frádrátt. Einnig til að sannreyna útreikninga.• Getur skipt jafnt á milli nokkurra.	<ul style="list-style-type: none">• Getur notað dreifireglu og rúðunet til að margfalda saman tölu á milli 10 og 20 og tölu minni en 10.• Getur skráð margföldunar- og deilingardæmi út frá myndum og orðadæmum.• Skilur tengsl margföldunar og deilingar og getur nýtt sér margföldunartöfluna til að deila í tölur undir 100.• Getur nýtt sér margföldunartöfluna til að margfalda heila tugi með einingu (t.d. 7 · 30 eða 9 · 400).• Getur beitt reikniaðgerðunum fjórum við lausn orðadæma með tölum allt að 10.000.• Getur raðað lágum tugabrotum í rétta stærðarröð.• Kynnist hugtakinu <i>tíundi hluti</i>.• Getur fundið hluta af hópi út frá einföldu almennu broti.• Áttar sig á að <i>nefnari</i> segir til um í hvað marga hluta á að skipta.• Áttar sig á að teljari segi til um fjölda hluta af heild.• Þjálfist í að teikna mismunandi almenn brot.• Þjálfist í að skipta hlutbundið í þriðjunga, fjórðunga o.s.frv.• Veit að brotastrik er eitt af deilingartáknunum.• Getur reiknað erlendan gjaldmiðil yfir í íslenskar krónur.• Kann að nota vasareikninn til að framkvæma reikningsaðgerðirnar og þjálfist í að skrá það sem slegið er inn.
Algebra	<p>Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 211-217): <i>Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt og leyst einfaldar jöfnur.</i></p> <ul style="list-style-type: none">• Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og örðum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.• Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð.• Fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.			



Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Gerir sér grein fyrir mynstri í tölum, formum eða myndum sem reglulegri endurtekningu. • Getur gert grein fyrir reglu í einföldu mynstri. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur greint mynstur í tölum, formum eða myndum og haldið áfram með það. • Getur gert grein fyrir reglu í mynstri. 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur greint mynstur í talnarunum með tölum allt að 1000. • Kynnist því að vinna hlutbundið með óþekktu stærð í einföldum samlagningardæmum 	<ul style="list-style-type: none"> • Getur búið til talnamynstur með reiknivélinni, t.d. þegar 3 bætast við aftur og aftur (3 + = =). • Getur unnið með vaxandi mynstur og spáð fyrir um fjölda í næsta skrefi. • Getur unnið með óþekktu stærð í einföldum samlagningar- og frádráttardæmum.
Rúmfræði og mælingar	<p>Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámsskrá grunnskóla bls. 211-217): <i>Notað og rannsakað hugtök úr rúmfræði, unnið með rúmfræðilegar færslur, búið til líkön og teiknað skýringarmyndir, áætlað og mælt ólíka mælieiginleika með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu • gert óformlegar rannsóknir á tví-og þrívíðum formum, • teiknað skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu • unnið með mælikvarða og lögun • áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða • rannsakað og gert tilraunir með rúmfræði á einfaldan hátt með því að nota tölur og hlutbundin gögn • speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn • borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar 			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none"> • Þekki <i>hring</i>, <i>ferhyrning</i>, <i>rétthyrning</i>, <i>ferning</i> og <i>þríhyrning</i> og nefni með réttum heitum. • Þekki <i>kúlu</i>, <i>sívalning</i> og <i>ferstrending</i> með réttum heitum. • Skynji einfaldar þrívíðar myndir. • Getur mælt með einföldum óhefðbundnum mælitækjum. • Hefur tilfinningu fyrir lengd cm (breidd litla fingurs) og metra (stórt skref). • Hefur tilfinningu fyrir þyngd á kg (mjólkurfarna). • Kann röð vikudaganna og getur nefnt næsta dag á undan og næsta dag á eftir gefnum degi. • Kann röð mánuðanna og getur nefnt næsta mánuð á undan og eftir gefnum mánuði. • Getur lesið heila og hálfá tímann af klukku. 	<ul style="list-style-type: none"> • Geti notað hugtökin <i>samhverfur</i>, <i>speglun</i>, <i>spegilás</i> (<i>speglunars</i>), <i>marghyrningur</i> rétt. • Þekki <i>tening</i>, <i>þýramída</i> og <i>keilu</i> með réttum heitum. • Getur gert samhverfar myndir. • Getur fundið spegilás í myndum og formum. • Getur mælt ummál hluta. • Kynnist hugtakinu <i>flatarmál</i>. • Getur notið reiti til að ákveða flatarmál. • Getur metið hvort hlutir eru lengri eða styttri en einn metri. • Getur metið hvort hlutir eru lengri eða styttri en 10 cm. • Hefur tilfinningu fyrir lengd km. • Hefur tilfinningu fyrir lengd mínútu og klukkustundar. • Getur lesið heila tímann, hálfá tímann og korterin af klukku. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekki hugtökin <i>rétt horn</i>, <i>gleitt horn</i>, <i>hvasst horn</i>, <i>trapisa</i>, <i>rétthyrndur þríhyrningur</i> og <i>samsíðungur</i> og nefni með réttum heitum. • Getur mælt með reglustiku og málbandi (stöðluðum mælitækjum). • Getur breytt <i>m í cm</i> og öfugt. • Skynji muninn á grammi og kíló. • Þekki samband klukkustunda og mínútna. • Getur lesið af nákvæmni af klukku. • Getur skráð tíma af nákvæmni. • Getur fundið kubbafjölda í þrívíddarbyggingum. • Getur mælt ummál samsettra mynda. • Getur talið út hvað samsettar flatarmyndir þekja marga reiti. • Getur lýst eiginleikum ýmissa forma. • Getur fundið staðsetningu myndar í rúðuneti (undanfari hnitakerfisins). • Getur staðsett punkt í rúðuneti. 	<ul style="list-style-type: none"> • Þekki hugtökin <i>hnit</i>, <i>hnitakerfi</i>, <i>gráða</i>, <i>hliðrun</i>, <i>snúningur</i>, <i>ummál</i>, <i>fermetri</i>, <i>fersentimetri</i>, <i>desílítri</i>, <i>lítri</i> og geti notað þau. • Getur mælt nákvæmlega með reglustiku. • Getur lesið og skráð hnit punkts. • Getur merkt punkt inn í hnitakerfi. • Getur lesið rétt af hitamæli. • Hefur tilfinningu fyrir lengd sekúndu. • Þekkir samband mín og sek. • Getur lesið rétt úr tímatöflu, s.s. tímasetningu dagskrárliða í fjölmiðlum. • Veit að hringur er 360° og getur reiknað hálfan hring og fjórðung úr hring. • Getur búið til mynstur með því að hliðra og/eða snúa grunneiningu endurtekið. • Skynji stærð m² og cm². • Getur reiknað ummál tvívíðra hluta og forma.



		<ul style="list-style-type: none">• Skynji þrívíðar myndir.• Getur mælt cm með reglustiku.	<ul style="list-style-type: none">• Veit að tíminn er ekki sá sami alls staðar í heiminum.	<ul style="list-style-type: none">• Getur mælt flatarmál með óstöðluðum og stöðluðum mælieiningum.• Tengir á milli margföldunar í rúðuneti og að reikna flatarmál.• Getur reiknað flatarmál rétthyrninga og skráð.• Getur fundið flatarmál mynda með fjölbreytta lögun, með aðstoð rúðuneta.• Getur breytt <i>heilum kg</i> og <i>broti úr kg í g</i> og <i>öfugt, dl í l</i> og <i>öfugt og m í dm</i> og <i>öfugt og skráð</i> með tugabroti.• Getur bætt við og tekið klukkustundir og mínútur af uppgefnum tíma.
Tölfræði og líkindi	Við lok 4. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 211-217): <i>Gert rannsóknir á umhverfi sínu, unnið og lesið úr niðurstöðum sínum, sett upp í einföld myndrit, tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun, tilviljanir og líkur og gert einfaldar tilraunir með líkur.</i> <ul style="list-style-type: none">• Safnað gögnum í umhverfi sínu og um eigið áhugasvið.• Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.• Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.• Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð.• Gert einfaldar tilraunir með líkur og borið skynbragð á áhrif þeirra í spilum.			
Nemandi:	<ul style="list-style-type: none">• Getur lesið úr einföldu súluriti.• Getur búið til einfalt súluriti.	<ul style="list-style-type: none">• Getur notað talningastrik (I II) til að skrá tíðni.• Getur lesið fjölda af súluriti þar sem rúður tákna fjölda.• Getur skráð fjölda inn í súluriti þar sem rúður tákna fjölda.	<ul style="list-style-type: none">• Getur sett upp einfalda tíðnitöflu með talningastrikum.• Getur lesið úr súluriti þar sem kvarðinn er skráður á lóðréttan ásinn.• Getur búið til súluriti þar sem kvarðinn er skráður á lóðréttan ásinn.• Getur lagt fyrir einfalda könnun og sett niðurstöður fram með súluriti.	<ul style="list-style-type: none">• Getur unnið einfalda rannsókn.• Getur sett upplýsingar fram í töflu.• Getur sett upp tíðnitöflu.• Getur sett upp súluriti þar sem lesa þarf af báðum ásum.